

Tillaga stjórnar að samþykktum Neytendasamtakanna
Reykjavík, 11. september 2024

I KAFLI – Almenn ákvæði

1. gr. Heiti

Nafn samtakanna er Neytendasamtökin. Heimili þeirra og varnarþing er í Reykjavík. Neytendasamtökin eru hagsmunasamtök neytenda á Íslandi.

2. gr. Tilgangur, fjármögnun og ráðstöfun fjármuna

Tilgangur Neytendasamtakanna er að standa vörð um réttindi neytenda og efla hag þeirra í samræmi við stefnu samtakanna.

Samtökin eru sjálfstæð og óháð einstaklingum, félögum, fyrirtækjum, samtökum, stjórnarmálaflökkum og opinberum aðilum.

Rekstur og verkefni Neytendasamtakanna eru fjármögnuð með félagsgjöldum, þjónustusamningum, styrkjum frá opinberum aðilum, stéttarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum. Fjármagni sem samtökunum áskotnast skal að öllu leyti varið til reksturs samtakanna eða til verkefna sem samræmast tilgangi þeirra.

Reikningstímabil Neytendasamtakanna er almanaksárið.

Samtökin starfa samkvæmt lögum nr. 110/2021 um félög til almannaheilla og gilda lögin um atriði sem ákvæði samþykktu Neytendasamtakanna ná ekki til eða til atriða sem eru ófrávíkjanleg samkvæmt lögum.

3. gr. Aðild

Einstaklingar sem orðnir eru 18 ára geta orðið félagar í Neytendasamtökunum. Félagsaðild er til eins árs í senn og endurnýjast sjálfkrafa nema viðkomandi hafi sagt sig úr samtökunum með sannanlegum hætti, t.d. í tölvupósti á aðalnetfang samtakanna. Félagar njóta fullra réttinda og þjónustu samtakanna í eitt ár frá því að greiðsla félagsgjalds berst og hafa kjörgengi og kosningarétt í kosningum til trúnaðarstarfa fyrir samtökin.

II KAFLI – Aðalfundur Neytendasamtakanna

4. gr. Aðalfundur

Aðalfundur Neytendasamtakanna er æðsta vald í málefnum þeirra. Aðalfundur skal haldinn árlega í apríl. Til aðalfundar skal boðað með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Það skal gert með auglýsingu í a.m.k. einum fjölmiðli, og með tilkynningu á vefsetri samtakanna.

Stjórn er heimilt að halda aðalfund með rafrænum hætti að hluta eða öllu leyti og skal þá tryggja að gætt sé jafnræðis meðal fundarfólks hvort sem það sækir fundinn á staðnum eða rafrænt.

Aðalfundur Neytendasamtakanna er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

5. gr. Atkvæðisréttur

Allir félagar Neytendasamtakanna eiga rétt til setu á aðalfundi samtakanna og hafa atkvæðisrétt, enda hafa þeir greitt félagsgjald og eru í skilum við samtökin tíu dögum fyrir aðalfund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á aðalfundum og félagsfundum, nema þar sem annað er ákveðið í samþykktum þessum.

6. gr. Dagskrá aðalfundar

Dagskrá aðalfundar:

1. Kjör fundarstjóra og annarra embættismanna fundarins.
2. Skýrsla stjórnar um starfsemi samtakanna og rekstur þeirra á liðnu starfsári.
3. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram.
4. Rekstraráætlun til næstu áramóta lögð fram.
5. Kynning og umræða um stefnu samtakanna.
6. Lagabreytingar.
7. Kjör formanns. Að jafnaði annað hvert ár.
8. Kjör annarra stjórnarmanna.
8. Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga og þriggja manna kjörnefndar til eins árs.
9. Önnur mál.

III KAFLI – Stjórnar- og formannskjör Neytendasamtakanna

7. gr. Framboð

Stjórn Neytendasamtakanna skal auglýsa eftir framboðum til stjórnar, þar á meðal formennsku þegar við á, fyrir 15. febrúar ár hvert með auglýsingu í a.m.k. einum fjölmiðli og með tilkynningu á vefsetri samtakanna. Framboð skulu berast eigi síðar en 1. mars. Kjörnefnd og framkvæmdastjóri ganga úr skugga um að frambjóðendur njóti kjörgengis, sbr. 3. gr. og 11. gr. Uppfylli frambjóðendur ekki skilyrði 3. gr. skal þeim gefinn vikufrestur til að bæta úr því.

8. gr. Kosningar

Kosning formanns og annarra stjórnarmanna er leynileg og fer fram í tengslum við aðalfund samtakanna. Séu frambjóðendur jafnmargir og kjósa skal í tiltekin embætti skoðast frambjóðendur sjálfkjörnir.

Kosningar skulu vera rafrænar, nema því verði ekki við komið. Rafrænar kosningar skulu standa í að minnsta kosti þrjá sólarhringa. Kosningar skulu hefjast að hámarki 10 dögum fyrir aðalfund og skal lokið að lágmarki daginn fyrir aðalfund.

Kjóri stjórnar skal lýst á aðalfundi.

9. gr. Kjörnefnd

Kjörnefnd skal sjá um framkvæmd og eftirlit með kosningum til stjórnar, þar á meðal formannskjöri. Kjörnefnd skal:

1. Hafa eftirlit með því að rétt sé boðað til kosninga til trúnaðarstarfa samtakanna.
2. Ganga úr skugga um að frambjóðendur njóti kjörgengis í samræmi við ákvæði laganna.
3. Tryggja að nógu mörg framboð komi fram í þau embætti sem kosið er um.
4. Hafa eftirlit með kjóri til stjórnar og framkvæmd kosninga.

IV KAFLI – Stjórn, framkvæmdastjóri og önnur trúnaðarstörf

10. gr. Hæfisskilyrði

Almennt hæfi er að viðkomandi sé lögráða, hafi óflekkað mannorð og hafi ekki á síðustu þremur árum hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað í tengslum við atvinnurekstur.

Þau sem sitja í stjórn, nefndum eða starfa fyrir samtökin og eru vanhæf til meðferðar máls mega ekki taka þátt í undirbúningi þess, meðferð eða úrlausn. Þeim sem kunnugt er um eða telja að vanhæfi eigi við skulu upplýsa um það eins skjótt og unnt er að eigin frumkvæði. Starfsfólk skal upplýsa næsta yfirmann um mögulegt vanhæfi og stjórnarfólk upplýsa formann. Stjórn úrskurðar um hæfi. Hin vanhæfu skulu yfirgefa fundarsal við afgreiðslu þess.

Við val einstaklinga til setu í trúnaðarstörfum á vegum samtakanna skal sem unnt er gæta jafnræðis milli kynja og félagslegs fjölbreytileika í samtökunum.

11. gr. Skipan stjórnar

Stjórn samtakanna er skipuð 12 einstaklingum auk formanns, samtals 13. Formaður skal kjörinn til tveggja ára í senn.

Á hverju ári skal kjósa sex stjórnarmenn í tengslum við aðalfund samtakanna til tveggja ára í senn. Láti stjórnarmaður af embætti áður en tveggja ára tímabili lýkur er heimilt að kjósa nýjan í hans

stað á næsta aðalfundi og situr sá út kjörtímabil þess sem lætur af störfum. Um framboð í slíkum tilvikum fer eftir ákvæðum 7. gr.

Láti formaður af stjórnarstörfum, eða er ekki unnt að sinna skyldum sínum, skal varaformaður sinna hlutverki formanns fram að næsta aðalfundi. Skal þá kosinn formaður til tveggja ára.

12. gr. Verkefni stjórnar

Stjórn Neytendasamtakanna er æðsta vald í málefnum samtakanna milli aðalfunda, ber ábyrgð á starfsemi þeirra og gætir hagsmuna þeirra á grundvelli þessara laga og ákvarðana sem teknar eru á aðalfundi. Stjórn tekur ákvarðanir í málum sem snerta rekstur samtakanna og skipulag, fylgir eftir stefnu samtakanna í samræmi við ákvörðun aðalfundar og tekur afstöðu til stefnumarkandi mála sem upp koma. Meirihluta stjórnar þarf til að skuldbinda félagið.

Stjórn markar stefnu samtakanna út frá tilgangi þeirra og ákvörðunum aðalfundar.

Stjórn samtakanna ber ábyrgð á fjárreiðum þeirra. Stjórnin skal sjá til þess að nægjanlegt eftirlit sé með bókhaldi samtakanna. Stjórn ber ábyrgð á gerð ársreiknings.

Stjórn ræður framkvæmdastjóra sem heyrir beint undir stjórn samtakanna. Stjórnarfólki er óheimilt að gegna stöðu framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur skrifstofu og ber ábyrgð á honum.

Stjórn ákveður launakjör og starfsskyldur formanns og framkvæmdastjóra.

Stjórn Neytendasamtakanna ákveður fjárhæð árgjalds.

Stjórn skal setja starfs- og siðareglur um starfshætti og ábyrgð stjórnar- og starfsfólks, þar sem m.a. er kveðið á um hlutverk varaformanns, ritara og gjaldkera.

Gjaldkeri stjórnar hefur eftirlit með fjármálum samtakanna og hefur skoðunaraðgang að reikningum félagsins.

13. gr. Stjórnarfundir

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar að loknum aðalfundi skiptir stjórnin með sér verkum og kýs úr sínum hópi varaformann, ritara og gjaldkera. Sé gerð tillaga um tvo eða fleiri til hvers embættis skal atkvæðagreiðsla vera skrifleg og leynileg.

Stjórnarfundir skal halda svo oft sem þurfa þykir. Formaður boðar til funda með minnst þriggja daga fyrirvara. Beri brýna nauðsyn til getur formaður boðað fund með skemmri fyrirvara, þó aldrei skemmri en eins sólarhrings. Heimilt er að stjórnarmaður taki þátt í stjórnarfundum með hjálp fjarfundabúnaðar.

Krefjist tveir stjórnarmenn þess að stjórnarfundur sé haldinn skal halda hann sem allra fyrst og eigi síðar en tíu dögum frá því að krafa um stjórnarfund berst.

Stjórnarfundir eru lögmætir sé löglega til þeirra boðað.

Stjórnarfundur er ályktunarbær ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns úrslitum.

Ritari stjórnar skal skrá fundargerðir. Fundargerð skal samþykkt eigi síðar en í upphafi næsta stjórnarfundar, nema sérstaklega standi á. Samþykktar fundargerðir skulu birtar opinberlega á vefsetri samtakanna.

V KAFLI – Breytingar samþykktar og slit samtakanna

14. gr. Breytingar

Samþykktum þessum má einungis breyta á aðalfundi og þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða til að breytingin nái fram að ganga. Breytingartillögur skulu lagðar fram á skrifstofu samtakanna eða með tölvuskeyti til þeirra eigi síðar en 1. mars. Í fundarboði skal þess getið sérstaklega að breytingartillaga verði tekin til meðferðar á fundinum og skulu breytingartillögur birtar á vefsetri samtakanna ásamt greinargerð eigi síðar en 2 vikum fyrir aðalfund.

15. gr. Slit

Nú kemur fram tillaga um að samtökunum skuli slitið eða þau sameinuð öðrum samtökum og skal hún þá sæta sömu meðferð sem tillaga til breytinga á samþykktum þessum. Við slit skulu eignir samtakanna renna til félagasamtaka innan Almannaheilla - samtaka þriðja geirans eða til samtaka sem starfa að neytendamálum. Geta skal sérstaklega áforms um félagsslit í fundarboði.

16. gr. Ákvæði til bráðabirgða

Kjörtímabil þeirra sem hafa hlotið hafa kosningu í stjórn Neytendasamtakanna í október 2023 og október 2024 styttest sem nemur því sem aðalfundi er flýtt. Ákvæði þetta fellur úr gildi eftir aðalfund ársins 2026.

Drög þessi að samþykktum verða lögð fram á aðalfundi Neytendasamtakanna 22. október 2024. Verði þau samþykkt falla eldri lög samtakanna úr gildi.